

Símenntun á Vesturlandi

132. stjórnarfundur Símenntunar var haldinn mánudaginn 10.11.2025, kl. 11:00 á Teams.

Mætt: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Vignir Smári Maríasson, Áshildur Bragadóttir, Alexander Kristinsson og Jóhanna María Sigmundsdóttir. Guðrún Vala Elísdóttir framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1. 9 mánaða uppgjör lagt fram.**
Framkvæmdastjóri fór yfir uppgjör fyrstu 9 mánuði ársins. Stjórn sammála um að það líti vel út.
- 2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 lögð fram.**
Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir lægri tekjum, en hagnaði upp á 3,4 milljónir. Endurskoðuð áætlun samþykkt.
- 3. Úthlutun fræðslusjóðs f.2026.**
Símenntun fær úthlutað 29.532.000 kr. í námsleiðir, 11.178.000 kr. til náms-og starfsráðgjafar og 6.600.000 kr. til raunfærnimats. Umræður um samanburð við aðrar stöðvar á landinu.
- 4. Verkefnin sem eru í gangi hjá Símenntun og það sem er fram undan:**
Haldin hafa verið 2 íslenskunámskeið á Akranesi sem er lokið, í gangi eru tvö íslenskunámskeið á Bifröst og 1 á Akranesi fyrir VMST. Í Borgarnesi er námskeið fyrir byrjendur yfirstandandi. 6 námsleiðir eru í gangi. Önnur verkefni eru „málmentor“ í tveimur leikskólum á Snæfellsnesi og fleiri í undirbúningi. Fræðslustjóri að láni -HVE og Akranes að hefjast og fræðslustjóri til leigu í Grundarfirði, Borgarbyggð og Hjúkrunarheimilinu Höfða. Í raunfærnimati eru stór verkefni í gangi, í verslun og þjónustu, sjúkraliða og þjónustugreinum (leikskólaliði- stuðningsfulltrúi- félagsliði). Markmiðið að nýta fjármagn og að minnsta kosti 50 einstaklingar ljúki raunfærnimati fyrir árslok.
- 5. Starfsmannamál.**
Auglýst hefur verið eftir verkefnastjóra og hafa borist 15 umsóknir, en frestur rennur út 19.nóvember. Ákveðið að framkvæmdastjóri og formaður fari saman yfir umsóknir eftir að fresti lýkur.
- 6. Önnur mál.**
 - Samþykkt að framkvæmdastjóri fái heimild til þess að laga og skrifstofuaðstöðuna í Borgarnesi
 - Framkvæmdastjóri sagði frá þátttöku sinni í NLL ráðgjafaneti, EPALE ráðstefnu og fyrirhuguðum fundum þar að lútandi.
 - Stjórn lýsti yfir ánægju með rekstur og starfsemi Símenntunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:02

